

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 480/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Vilhjálmur Thomas

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1991 að ósk ákærða. Er krafist staðfestingar dómsins og greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, svo og þess, að skipuðum verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, er sannað, að ákærði ók bifreið 17. júní á síðasta ári, þó að hann hefði verið sviptur ökuréttindum í tvö ár frá 23. ágúst 1989 að telja. Var svipting ákveðin með sátt í sakadómi 29. september 1989 vegna brots ákærða á 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en þetta lagaákvæði fjallar um akstur undir áfengisáhrifum. Þá gekkst ákærði undir sektargreiðslur með sáttum í sakadómi 9. nóvember 1990 og 10. janúar 1991. Í bæði skiptin var um að ræða brot á 48. gr. umferðarlaga, sem bannar akstur manna, sem ekki hafa ökuskírteini, sömu lagagrein og ákært er fyrir í þessu máli. Þar sem hér er um að ræða þriðja brot gegn þessu ákvæði, ber að staðfesta refsíákvæði hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur og ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vilhjálmur Thomas, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 10. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 512/1991: Ákærvaldið gegn Vilhjálmi Thomas, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. júlí sl., á hendur ákærða, Vilhjálmi Thomas, Unufelli 50, Reykjavík, kt. 110553-5369, „fyrir að aka mánudaginn 17. júní 1991, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Í-1485 suður Nóatún í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á móts við Stangarholt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1980 til þessa dags tólf sinnum gengist undir dómsáttir vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, nú síðast 10. janúar sl. í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. nefndra umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Vilhjálmur Thomas, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
